



Afstöðumynd  
mkv. 1:500

### Drangsskarð 10 - Hafnarfirði

VARMATAPS-ÚTREIKNINGAR

Húshluti	Útreiknað leiðnitap				Leiðnitap skv. BR. 2012	
	U w/m²K	A (m²)	ΔT (K)	φ (W)	U w/m²K	φ (W)
Steypt gólfplata, einangrað undir plötu, gólfhliti og grófmalarlag	0,24	357,90	15,00	1.312,64	0,30	1.610,55
Steyptur útveggur, einangraður að innan og klæddur	0,36	630,70	35,00	7.955,57	0,40	8.829,80
Viðsnúð þak	0,20	17,00	35,00	119,12	0,20	119,00
Létt timburþak	0,20	403,60	35,00	2.825,20	0,20	2.825,20
Gólfplata að útilofti	0,20	0,00	35,00	0,00	0,20	0,00
Gluggar og hurðir	1,65	112,50	35,00	6.496,88	2,00	7.875,00

Heild byggingarluta 18.709,41 w Sk. BR2012 21.259,55 w

	φ (W)	l (m)	ΔT (K)	U (W)
Kuldabré við glugga	0,04	298,00	35,00	417,20
Sökkull við útvegg	0,48	12,00	35,00	201,60
Sökkull við útvegg (niðurgráfinn)	0,36	50,80	35,00	640,08
Sökkull undir húsi (niðurgráfinn)	0,36	57,00	15,00	307,80
Kuldabré (milliplata)	0,63	6,00	35,00	132,30
Sökkullinnveggur	0,46	11,00	15,00	75,90

Heild kuldabryr 1.774,88 w

Reiknað heildar leiðnitap byggingarluta og kuldabryr: 20.484,29 w minni en skv. reglugerð => OK

Vegið meðaltal veggja, glugga og hurða: 0,56 U w/m²K minni en 0,85w/m²K => OK

## BYGGINGARLÝSING

Erindið er til komið vegna breytingar á skráningu fimmtu íbúðar (0103) í húsinu. Íbúðin var áður eign íbúðar 0202, en verður nú sérstakur eignarhluti. Rými í sökklum sem var sýnt uppfyllt á fyrri uppráttum, mun nú nýttast fyrir geymslur og hjólageymslur fyrir íbúðir í þeim byggingarluta. Lóð er einnig stækkuð þar sem flái sem gekk inn í norðurhluta lóðar verður hluti hennar. Við þetta stækkar lóðin úr 1186.9m<sup>2</sup> í 1243.4m<sup>2</sup>.

Raðhúsið hýsir fimm íbúðir að hluta til á tveimur hæðum.

Húsin eru staðsteypt á hefðbundinn hátt og hvíla á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsunum eru timburþök með þakpappa ein eitt þakið verður að auki með gróðurþekju. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

ÞAK. Þak er gert úr 250x50mm sperrum sem hvíla á steiptum útveggjum og stálbitum. Einangrað með 225mm þakull, klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur soðin pappklæðning. Á eitt þakið kemur að auki gróðurþekja með viðeigandi frágangi. Loftun þaksins er um 20mm rifur m. neti milli steypu og borðaklæðningar í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á sperrum er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 8 gráður.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir, einangraðir með 100mm plasteinangrun eða harðpressaðri steinull að innan og múrhúðaðir.

Ytra útlit er annars vegar steining í ljósgráum og dökkgráum lit.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar steiptir í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil. Í gluggum þar sem fallhæð utan við glugga er 2.0m eða meiri og neðri brún glers nær gólfi en 0.6m skal glerið í glugganum vera samlímt öryggisgler. Lýsing á gluggum á líka við um frágang á útidryum. Bréfáluga við útidryr verður í 1.0m hæð frá gólfi.

STIGAR OG HANDRIÐ. Innihandrið verða 1.0m há stálhandrið (0.9m handrið stiga). Útihandrið verða 1.1m há stálhandrið, en 0.9m handrið verða við útitróppur. Frágangur stiga og handriða verði í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplötur eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 75mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 70mm grind klæddri gipsi. Vegg- og loftaklæðningar í bilageymslum eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í þvottahúsum eða geymslum. Gólfhitalagnir verða í blautrymum, en annars verða veggofnar í íbúðunum. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrymum íbúða, þ.e. snyrtingum og þvottahúsum. Hiti á neysluvatni skal ekki vera hærrí en 65°C við vaska (á töppunarstað) skv. staðli ÍST 67-2003.

LOFTRÆSTING RÝMA. Öll rými íbúða skulu loftræst í samræmi við gr.10.2.5 í byggingarreglugerð. Loftræsting skal henta viðkomandi rými þannig að magn ferkslofts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettun útilofts. Útsog skal vera í eldhúsum, baðherbergjum, snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins.

BRUNAVARNIR. Íbúðir eru hólfaðar af með EI-90 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarp. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Á lóðinni eru stæði fyrir 4 bifreiðar.

ALGILD HÖNNUN. Íbúðirnar uppfylla ekki kröfur um algilda hönnun, en við hönnun íbúðar 0101 var það haft að leiðarljósi að auðvelt væri að breyta innra skipulagi þannig að hún uppfylli þessar kröfur.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 586,3m<sup>2</sup>  
Heildarrúmmál: 2094,7m<sup>3</sup>  
Skiparrúmmál: 1690,240m<sup>3</sup>  
Lóðarstærð er 1243,4m<sup>2</sup>, nýtingarhlutfall=0,47

útg. dags. skýring teiknað yfirarið

5 ÍBÚÐA RAÐHÚS  
heimilisfang DRANGSSKARÐ 10  
sveitarfélag HAFNARFJÖRÐUR  
verkhúti AÐALUPPDRÁTTUR  
skýringartexti afstaða, lýsing, varmatafla

verknúmer 20/01 landnúmer 225420 staðgreinir 1400-1-0000

teiknað KE yfirarið KE kvarði 1:100 dags. 05-02-2020

teikning nr. útgáfa/breyting AOK ARKITEKTAR A-200



arkitekt / hönnunarstjóri: Kári Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610  
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikninga, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.